



FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

22. MARS 2012

FRÁ FORMANNI

EFNI BRÉFSINS:


FRÁ FORMANNI	1
AÐALFUNDUR HS	1
RÆKTUN 2012	1
KYNBÓTA-SÝNINGAR	2
HROSSARÆKTIN 2011 TIL FÉLAGA Í FH	2
UNGFOLA-SÝNING	2
AÐGANGUR AÐ WORLD FENG	2

[WWW.BSSL.IS/HROSSARAEEKT](http://www.bssl.is/HROSSARAEEKT)

Ágætu félagar.

Þá styttist í aðalfund Hrossaræktarsamtaka Suðurlands en samkvæmt samþykktum samtakana þarf fundurinn að fara fram áður en 15. apríl ár hvert rennur sitt skeið. Það má segja að vetrarviðburðir hjá okkur hestafólki nái ákveðnu hámarki á næstu vikum. Helst ber að nefna að á vegum HS eru framundan ungfolasýning og Ræktun 2012 sem báðar fara fram í apríl. Ég hvet ykkur ágætu félagsmenn til þátttöku í þessum sýningum enda kjörinn veffangur til að kynna ræktunargripi sína.

Það er óhætt að segja að mörg tækifæri til að efla sig sem hestamañ séu til staðar nú um stundir. Auk margvíslegra námskeiða víða um land hefur Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri boðið uppá mjög gott nám sem kallað er Reiðmaðurinn. Námið er samansett og hannað af Reyni heitnum Aðalsteinssyni. Að mínu mati og að fenginni reynslu fráþært tækifæri fyrir okkur hestafólk til



uppbyggingar og eflingar. Það að geta stundað fjarnám að hluta til í reiðmensku sem spannar tveggja ára tímabil, nám sem gefur innsýn í flesta þætti hestamennskunar byggingu hrossa, fóðrun, hirðingu, uppruna hestsins og kynbótastarfið er mikilsvert. Ég er þess fullviss að Reiðmannsnámið er komið til að vera og vonandi að sem flestir hafi tækifæri til að kynna því, þökk sé Reyni heitnum fyrir framlag hans til menntunarmöguleika á sviði hestamennskunar.

Þrátt fyrir heldur rýsjóttann vetur styttist í vorið og vorsýningar kynbótahrossa. Þegar þetta er skrifað er aðeins mánuður í fyrstu kynbótasýningar. Án efa verður kynbótaárið 2012 farsælt og gott með fjölmennu landsmóti og ógleymanlegum kynbótastjörnum.

Með ræktunarkveðju,

Sveinn Steinarsson formaður

AÐALFUNDUR HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

Aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður miðvikudagskvöldið 28. mars kl. 20:30 í Hliðskjálfi félagsheimili hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi. Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf. Úr stjórn eiga að ganga Ólafur Einarsson en hann gefur ekki kost á sér áfram og Sigrík Jónsson en hann gefur kost á sér áfram. Gestur fundarins verður að þessu sinni Guðmar Þór Pétursson en hann hefur lengið unnið að markaðsmálum í Ameríku.

Rétt er að benda á að fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar á slóðinni www.bssl.is en þar eru Hrossaræktarsamtökin með síðu. Vonumst til að sjá ykkur sem flest á aðalfundinum.

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

RÆKTUN 2012

Sýningin Ræktun 2012 verður laugardagskvöldið 28. apríl nk. í Ölfushöllinni að Ingólfshvoli. Hrossaræktendur og áhugamenn um hrossarækt ættu því að taka það kvöld frá strax. Magnús Benediktsson mun sjá um sýninguna. Þeir sem hafa áhuga á að koma fram með ræktunarbú, afkvæmahópa eða einstaka kynbótahross vinsamlegast hafið samband í síma 893-3600 eða sendið tölvupóst á netfangið.maggi@gmail.com.

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

KYNBÓTASÝNINGAR 2012

Á fagráðsfundi hrossaræktar í desember sl. var sýningaráætlun fyrir árið 2012 samþykkt og fer hún hér á eftir:

20.4 - 21.4	Skagafjörður
30.4 - 11.5	Hafnarfjörður
14.5 - 18.5	Eyjafjörður
14.5 - 25.5	Selfoss
21.5 - 25.5	Blönduós
28.5 - 1.6	Skagafjörður
28.5 - 29.5	Hornafjörður
30.5 - 31.5	Fliótsdalshérað
28.5 - 8.6	Hella
4.6 - 8.6	Eyjafjörður
4.6 - 8.6	Borgarfjörður
25.6 - 1.7	Landsmót
7.8 - 10.8	Húnavatnssýslur
7.8 - 10.8	Borgarfjörður
13.8 - 17.8	Skagafjörður
13.8 - 24.8	Hella

Alltaf geta orðið einhverjar breytingar á sýningaráætlun því þátttaka er aldrei ljós fyrir en nokkrum dögum fyrir sýningu. Sýningar sem eru feitletraðar eru í umsjá Búnaðarsambands Suðurlands en þar er hægt að fá allar nánari upplýsingar í síma 480-1800 eða á netfanginu halla@bssl.is.

Á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands www.bssl.is verður hægt að skrá hross til sýningar þegar nær dregur og þar verður hollaröðun kynnt nokkrum dögum fyrir hverja sýningu. Venjan er sú að síðasti skráningardagur er viku fyrir sýningu. Þessa dagana eru í vinnslu hjá tölvudeild Bændasamtaka Íslands breytingar á WorldFeng þannig að hægt verði að skrá hross til sýningar í gegnum hann og ganga frá greiðslu í leiðinni. Ekki er enn ljóst hvort búið verður að ljúka þessu verki fyrir kynbótasýningarnar í vor en vonandi tekst það.

Halla Eygló Sveinsdóttir

AÐGANGUR AÐ WORLD FENG

Allir félagsmenn í Hrossaræktarsamtökum Suðurlands eiga rétt á að fá aðgang að WorldFeng sér að kostnaðarlausu. Félagsmenn eru nú 476 þegar þetta er skrifað og eru 387 sem nýta sér aðganginn að WorldFeng. Ef einhverjir sem lesa þetta hafa ekki komist inn í WorldFeng þá er skýringin trúlega sú að netfang viðkomandi er ranglega skráð í WF. Endilega sendið tölvupóst á netfangið halla@bssl.is eða hringið í síma 480-1800 ef þið hafið ekki komist inn í WF þannig hægt sé að kippa því í lag. WorldFengur er ómissandi fyrir ræktendur og áhugafólk um hrossarækt.

BÓKIN HROSSARÆKTIN 2011 TIL FÉLAGA Í FH

Enn hafa ekki allir félagsmenn í Félagi hrossabænda sótt bókina Hrossaræktin 2011. Félagsmenn í Hrossaræktarsamtökum Suðurlands geta fengið bókina afhenta á skrifstofu Búnaðarsambands Suðurlands, Austuvegi 1 á Selfossi eða á skrifstofunni á Hvolsvelli Austurvegi 4. Þeir sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu geta sótt bækur til símadömnunar í Bændahöllinni á 3. hæð Hótel Sögu, á skrifstofutíma.

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

UNGFOLASÝNING Í ÖLFUSHÖLLINNI

Árleg ungfolasýning Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður laugardaginn 7. apríl í Ölfushöllinni á Ingólfshvoli að þessu sinni í tengslum við Stóðhestaveislu Hrossaræktar.is. Fyrirkomulag ungfolasýningarinnar verður að öðru leiti með svipuðu sniði og í fyrra. Starfandi kynbótadómarar munu taka út folana bæði fyrir sköpulag og hreyfingu. Rétt til þátttöku eiga folar fæddir árið 2009 og 2010. Sköpulagsmat hefst kl. 13:00 en sýningin kl. 15:30. Dómarar raða efstu fimm folunum í hvorum flokki. Áhorfendur velja síðan álitlegasta folann í hverjum flokki. Þeir folar sem standa efstir í hvorum flokki að mati dómara koma síðan fram á stóðhestaveislu Hrossaræktar.is um kvöldið.

Hestarnir verða annaðhvort að vera járnalausir eða járnaðir kynbótajárningu. Ekki er heimilt að mæta með fola járnaða eingöngu á framfótum.

Nánari upplýsingar um sýninguna veitir Birgir Leó Ólafsson og tekur við skráningum í síma 899-8180 eða á netfangið blo@verkis.is. Síðasti skráningardagur er sunnudagur 1. apríl. Skráningargjald er 3.500 kr fyrir félagsmenn en 4.000 kr fyrir aðra. Skráningargjald greiðist á sýningarstað með reiðufé. Hægt er að senda mynd af folunum sem mun þá birtast í sýningaskrá.

Félagsmenn og aðrir áhugamenn um hrossarækt eru hvattir til að mæta á þennan árlega viðburð og berja þessar ungu ræktunarstjórnur framtíðar augum.

